

**Ed.**

**461. Breytingartillögur**

[151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er hljóði svo:

- a. (4. gr.). Á fjárlögum fyrir árið 1968 og framvegis skal veita sérstaka fjárupphæð, auk þeirrar, sem um getur í 1. gr., til starfsstyrkja, er veittir séu tvö til þrjú ár í röð allt að 20 listamönnum, a. m. k. 3 milljónir króna á ári. Starfsstyrkjum skal úthluta samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur að fengnu álitni nefndar, sem hann skipar og Bandalag íslenskra listamanna á fulltrúa í. Má ráðherra fela þingnefnd þeirri, sem kosin er samkvæmt 1. gr., úthlutun starfsstyrkja listamanna.
- b. (5. gr.). Verði almenn hækkun á launum opinberra starfsmanna, skal hækka heiðurslaun og almenn listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.